

Umsögn

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir sviðstjóri

Efni: Umsögn um tillögu um skipulagðar ferðir frá íbúakjörnum eldri borgara og félagsmiðstöðvum á söfn og aðra viðburði - R19060227

Þann 27. júní 2019 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu um skipulagðar ferðir frá íbúakjörnum eldri borgara og félagsmiðstöðvum á söfn og aðra viðburði:

„Flokkur fólksins leggur til að settar verði á laggirnar skipulagðar, reglulegar ferðir frá íbúakjörnum eldri borgara og félagsmiðstöðvum á ýmis söfn og aðra viðburði. Margir eldri borgarar hafa löngun til að sækja sýningar og viðburði en treysta sér ekki til að komast á staðinn eða hafa engan til að fara með. Auk þess er vetrarfærð misjöfn og getur hæglega komið í veg fyrir að fólk treysti sér út úr húsi.“

Greinargerð:

Finna þarf góða leið til að auglýsa viðburði, til að ná sem flestum í bíl sem áhuga hafa á að sjá sýningu eða fara á viðburð. Margir eldri borgarar hafa einangrast og mikla fyrir sér að taka sér ferð á hendur til að sækja söfn eins og Listasafn Reykjavíkur eða Borgarsögusafnið. Ekki liggja fyrir tölur, hversu margir af þeim, sem sækja ofangreind söfn sem dæmi, eru eldri en 67 ára. Þess vegna er afar mikilvægt, að bjóða eldri borgurum upp á skipulagðar ferðir, á sýningar/viðburði og að það verði gert með reglubundnum hætti, þannig að hægt verði að treysta á, að farið verði örugglega. Ákveðinn hópur eldri borgara eru einamana og einangraðir en myndu svo gjarnan vilja vera félagslega virkari. Með öruggri akstursþjónustu á sýningar og viðburði er hægt að tryggja að fleiri eldri borgarar njóti félagsskapar og skemmtunar á því sem borgin hefur upp á að bjóða.“

Borgarráð samþykkti að vísa tillögunni til meðferðar velferðarráðs og barst hún velferðarsviði með bréfi dags. 28. júní sl.

Umsögn velferðarsviðs

Velferðarsvið tekur undir mikilvægi þess að eldri borgarar hafi greiðan aðgang að samgöngum til að geta stundað hvers kyns starfsemi sem stuðlar að virkni og vellíðan.

Velferðarsvið stendur fyrir akstursþjónustu fyrir þá eldri borgara sem hafa áhuga á að sækja sýningar og viðburði en treysta sér ekki til að komast á staðinn og hafa ekki aðgang að eigin bifreið eða eru ófærir um að nota almenningsgöngur vegna langvarandi hreyfihömlunar. Strætó bs. sér um framkvæmd akstursins fyrir velferðarsvið og hægt er að panta ferðir með 2 tíma fyrirvara í gegnum þjónustuver alla virka daga frá 07:00 til 18:00 og um helgar frá kl 09:00 til 14:00. Einnig er hægt að panta ferðir á netinu, en vefþjónusta Strætó veitir eldri borgurum greiðan aðgang að upplýsingum um bókaðar ferðir og gerir þeim einnig mögulegt að bóka og afbóka þar.

Akstursþjónustan er í boði á virkum dögum frá kl. 6:30 til kl. 01:00, laugardögum frá kl. 8:00 til kl. 01:00 og sunnudögum frá kl. 11:00 til kl. 01:00.

Starfsfólk þjónustumiðstöðva velferðarsviðs aðstoðar eldri borgara við að sækja um akstursþjónustu, sem nú er einnig hægt að gera með rafrænum hætti og starfsfólk félagsmiðstöðva og heimaþjónustu aðstoðar þá sem þess þurfa. Samkvæmt lykiltölum sviðsins fyrir janúar til júní 2019 þá hafa rúmlega 500 manns nýtt sér ferðaþjónustuna á tímabilinu og farnar hafa verið yfir 14 þúsund ferðir.

Skipulagðar ferðir eru farnar af félagsmiðstöðvum og er í mörgum tilvikum ákveðið af notendaráðum miðstöðvanna hvert á að fara og hvenær. Starfsfólk aðstoðar síðan við framkvæmdina, þ.e. að panta rútur o.þ.h. Yfir sumartímamann er vinsælt að fara í lengri og styttri ferðir, t.d. í Grasagarðinn, minigolf, kaffihús í miðbænum og á sýningar. Á sumum félagsmiðstöðvum, t.d. í Borgum í Grafarvogi eru ferðalög, t.d. út á land stór hluti af starfinu.

Velferðarsvið telur tillögu Flokks fólksins um skipulegar ferðir til að auka þátttöku eldri borgara á listsýningum og söfnum mjög áhugaverða og mun kynna hugmyndina áfram fyrir forstöðumönnum félagsmiðstöðva og fulltrúum á menningar- og ferðamálasviði.